

**Félags – og skólaþjónusta**  
**RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU**  
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvolsvelli

---

**FUNDARGERÐ**

70. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (FSRV) var haldinn mánudaginn 27. febrúar 2023, klukkan 11.00 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson formaður, Einar Kristján Jónsson, Tómas Birgir Magnússon, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir og Svava Davíðsdóttir framkvæmdastjóri. Helga Björg Helgadóttir var fjarverandi. Formaður setti fund og ritaði fundargerð í fjarveru ritara.

Drög að dagskrá:

1. Greiðslur vegna lögfræðiþjónustu

Framkvæmdastjóri og Margrét Davíðsdóttir lögfræðingur fóru yfir reglur vegna greiðslna fyrir lögfræðiþjónustu í barnavernd. Niðurstaða, að höfðu samráði við mennta- og barnamálaráðuneyti er að gera þurfi breytingar á reglunum þar sem ekki sé heimilt að ákveða hámark á greiðslum.

*Stjórn heimilar fyrir sitt leyti að gengið verði frá greiðslum fyrir fyrirliggjandi mál án tillits til gildandi reglna um hámarkstímafjölda. Stjórn felur framkvæmdastjóra að taka reglurnar til endurskoðunar og mælist til að þær verði lagðar fyrir næsta stjórnarfund til samþykktar.*

2. Uppsögn á þjónustusamningi – Sérdeild Suðurlands

Rætt var erindi frá sveitarfélaginu Árborg vegna uppsagnar á þjónustusamningi um Sérdeild Suðurlands.

*Stjórn felur framkvæmdastjóra að kanna grundvöll fyrir því að sérdeild verði komið á fót á svæði byggðasamlagsins.*

3. Önnur mál

- Formaður kynnti niðurstöðu Innviðaráðuneytis vegna barnaverndarþjónustu og samþykktar byggðasamlagsins. Skv. henni ber sveitarfélögunum að færa inn ákvæði í samþykktir um stjórn og fundarsköp um fullnaðarafgreiðslu mála í barnavernd.

*Stjórn felur framkvæmdastjóra og stjórnarformanni að leggja fyrir sveitarstjóra aðildarsveitarfélaganna drög að breytingum á samþykktum um stjórn og fundarsköp í samræmi við leiðbeiningar Innviðaráðuneytis.*

- Framkvæmdastjóri ræddi um kostnaðarskiptingu vegna sálfræðiþjónustu fyrir skóla sem er umfram fasta þjónustu byggðasamlagsins.

*Niðurstaða stjórnar er að eðlilegt sé að kostnaður vegna framangreinds sé greiddur af skólunum.*

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:48